

Fundargerð 3. fundar BRÚAR um foreldrasamstarf í leik- og grunnskólum

Þriðji fundur Brúar, umræðuvettvangs um skólamál var haldinn þriðjudaginn 22. apríl kl. 16:00 – 18:30 í salnum að Fríkirkjuvegi 1.

Fundarefnið var foreldrasamstarf í leik- og grunnskólum.

Fundarstjóri var Ragnar Þorsteinsson, fræðslustjóri og fundargerð ritaði Aðalbjörg Dísa Guðjónsdóttir.

Fundinn sóttu u.þ.b. 60 manns.

Fundarstjóri bauð fundarmenn velkomna og setti fund.

- 1) Hildur Björk Svavarsdóttir, deildarstjóri tölfraeði- og rannsóknþjónustu Mennta- og Leikskólasviðs kynnti viðhorf foreldra til leik- og grunnskóla. *Sammála – Hlutlaus – Ósammála: Rödd foreldra leik- og grunnskólabarna í viðhorfskönnunum.*
- 2) Nanna Kristín Christiansen, verkefnastjóri á Menntasviði fjallaði um samstarf foreldra og skóla. *Foreldrasamstarf – Hvers vegna? Hvernig?*
- 3) Hera Sigurðardóttir, kennari í Vesturbæjarskóla kynnti samstarfsverkefni nemanda, foreldra og kennara *Allir í sama liði.*
- 4) Kristín Eyjólfsdóttir og Magnús B. Magnússon, foreldrar grunnskólabarns í Vesturbæjarskóla sögðu frá þátttöku sinni í verkefninu *Allir í sama liði.*
- 5) Jónína Konráðsdóttir, leikskólastjóri í Sólborg kynnti foreldrasamstarf í leikskólanum.
- 6) Þegar fyrirlesarar höfðu lokið máli sínu sköpuðust líflegar umræður. Meðal annars var fjallað um hvort hægt væri að yfirfæra þróunarverkefnið *Allir í sama liði* í alla grunnskólum og leikskóla í Reykjavík og hvað hægt væri að gera til að sýna foreldrum hversu mikilvægt er að þeir taki þátt í skólastarfi barna sinna. Rætt var um trúnaðarskyldu foreldra sem taka þátt í skólastarfi og muninn á upplýsingagjöf og samráði. Jafnframt var komið inn á hve uppteknir foreldrar í dag eru og skort á frumkvæði þeirra til að taka þátt í skólastarfinu. Fram kom að flestir foreldrar eru tilbúnir í einhvers konar samstarf og að einnig væri hægt að tengja afa og ömmur inn ef það þætti kostur. Rætt var um aðkomu foreldra að almennu starfi skólanna og svo samstarf um hvert einstakt barn. Fundarmaður lýsti því yfir að hann skildi miklu betur starf og umhverfi kennara eftir að hafa verið í samstarfi við skólann.
- 7) Fundarstjóri þakkaði fundarmönnum fyrir góðan fund og minnti á að glærur fyrirlesara væru aðgengilegar á heimasíðu sviðanna, www.menntasvid.is og www.leikskolar.is sem og skýrslur um viðhorf foreldra til skólastarfsins.